

Kom 3/5 1967  
frá E.O.S.Eyjólfur Guðmundsson á Hvöli: Brot.

## ÁKVÆDISREITIR OG HEIMILISHÖRGAR

Athugulir menn veita því eftirtekt, að hvert býli í sveitum þessa lands hefur sinn sérstaka svip, þó yfirlits sýnist þau hvert öðru lík. En þess utan hefur hvert og eitt jarðnaði eins konar andrant viðhorf. Það mætti kalla sem svo, að þessi og þessi bújörðin hafi "sál", áhrifamátt, sem ýmist dregur til sín eða hrindir frá sér. Þessi áhrif finnur bezt sa, sem viða gistir og gefur sér tíma til að litast um, út frá þejardyrunum. Og þessi andræma bújarðarinnar, hverrar fyrir sig, hefur vakið þá hneigð i brjóstum bænda og búaliðs, sem kalla má heimilistryggð eða ást til jarðarinnar, sem búið er á og feður og forfeður hafa helgað sér og vígt með dugnaði viðast hvar, örfum sínum til trausts og halds. Þá héldu menn og við örnefnum og virtu gamalla manna mál um þá staði, steina og laki m.fl., sem frá öndverðu voru ákvæðum bundið <sup>in</sup> eða helgir taldir. Allt þetta gaf bújörðinni gildi og var til trausts og örvinunar, tilbreytni og skapfestu þeim, er kunnu að nota sér. Hef ég nú tekið ágrip af sérkennum nokkra jarða í Mýrdal, til gamans og gagns, með því ég hygg, að í þessum "ákvæða-örnefnum" liggi meiri vísdomur fyrir sögu lands og þjóðar en almennt er talið og liggi til rækilegrar (svo.) rannsóknar.

I. Fell

Í Dyrhólahreppi er enn talin hin kjarnabezta bújörð. Þar hefur mörgum búnaðt svo vel, að nágrannar hafa séð ofsjónum yfir. Helzt fyrstu búskaparárin. Eftir 20 ár, er þó mælt, að efnahag Fellsbónans taki að hnigna. En búsaldirn á Felli er tengd fornnum ummælum, sem liggja þar í landi og segir miklu, að haldin séu.

Fell hefur að fornu verið höfðingjasetur, landgott og landmikið. Þar bjuggu sýslumenn, prestar og aðrir mektarmenn. Og þar var bænhús.

Frá ómunatið hefur Fellsbóndinn auk löglegra útgjálda greitt toll í sveitarsjóð, sem heitir völvutollur. Engum tjóar að búa á Felli, sem heldur inni völvutollinum, og er hann nú 25 ár., og geldur búandinn þar tollinn, mótmælalaust. Í Fellsbrekkum móti hásuðri er með fornnum mörkum spilda, sem heitir Völvureitur. Reiturinn tekur brekkuna alla frá fjallssrotum og upp að svo nefndum Jaðri og allbreiður. Efst skálmyndaður og kargabýfður, er sléttari neðst. Þar stendur þústa ein, sem horfir upp og niður eftir brekkunni og heitir Völvuleiði. Þar skín fyrst á sól að morgni og fer síðast að kvöldi. Í seinni tið byggði bóninn, sem bjó á Felli, Völvuleiðið upp, áður mátti sjá móta til, að í það hafi verið grafið. Munnmælin segja, að þetta hafi þeir bræður synir séra Gísla Thorarensen gert, en þegar þeir voru komnir á leiðis með gröf [t]inn, sáu þeir Fellsbænn standa í björtu báli. Hættu svo við og dirfðist enginn að halda verkinu áfram.

EKKI er Fell nefnt í fornsögum, ber eigi að síður mörg merki um, að byggzt hafi í fornöldinni, má ske fyrir landnáms-tið? Og ekki er ritað, svo ég viti, um Fellstollinn annað en það, sem séra Jón Steingrímsson tilfærir í ævisögu sinni. En munnmælin, sem ég heyrði fyrst um þetta, voru:

Valva ein bjó á Felli, hún mælti svo fyrir að verða grafin þar í brekkunum, sem hún hafði afmarkað reit. Og skyldi enginn ábúandi á Felli slá reitinn. Og árlega eftir sinn dag borga skyrtunnu fátækum mönnum. Varí af þessu brugðið, skyldi þeim sama ekki tjá að búa þar, annars vegna þar vel.

Séra Jón Steingrímsson kemur að Felli 1761 og bætti jörðina stórum, segir hann svo frá í ævisögunni (K. XXXVII): "Eg hafði ætlað mér að búa alla mína lífstið á Felli, og var mér farið að þykja allt of vænt um líf mitt og velgengni þar. En Guðs forsjón að halda mér í taumi leið vissum haturs og öfundarmönnum minum að drifa mig frá minni velgengni þar, hvar til þeir brúkuðu einn toll, sem prestar höfðu greitt fátækum í Mýrdalssveit fyrir utan tiund sína, nefnilega þeir, sem á Felli hafi búið fyrir mig. Þessi tollur átti að vera fergiskyrtna eða 30 ár. eða 60 fisk., en var upp-stiginn til 100 fiska af slóttugheitum hreppstjóranna, en hírðuleysi prestanna ..... Þessi tollur kom þannig til: Sagt er ein valva hafi búið í páfadómi á Felli og jafnvel átt

bá jörð. Leiði hennar er sagt, að þar sé austur í brekkunum, þar sól skín fyrst og fer síðast af. Hún skyldi hafa heitið á fátaka, á einum pestartíma, að gefa heim árlega þennan 30 ál. toll, ef pestin dræpi engan á sínum bæ af ungu fólki, hvað og svo viðborið hafði. Og svo varð mikill átrúnaður á þessum tolli, að allt svo lengi hann væri goldinn, mundi þar ekki ungbarn deyja, og enginn vissi eða mundi nú á dögum, að þar hafi nokkur unglingsur dáið, meðan honum var útsvarað ..." Viðureign séra Jóns við hreppstjórana, sem reis um Fellstollinn, varð til að fera hann niður og hrekja prestinn frá þessari fyrirmyndar jörð.

Ekki finnst neitt um það, að völvutollurinn sé í nokkru sambandi við bænhúsið, sem lagzt hefur líka niður strax eftir síðbótina, að öllum líkum. Sólheimasóknarmenn fylgdust vel með því, hvernig Fellsprestar og ábúendur ræktu þessar kvaðir, og sagnir eru ýmsar til um sláumar afleiðingar, ef út af brá. Fæst af þeim sögnum verður ritfært, en tekið hér, sem hendi er næst.

Sleppt er þá frekara að segja frá séra Jóni Steingrims-syni. Næst, eða 1790 eða 1793 og fram um 1814, býr prestur á Felli, séra Oddur Jónsson. Ekki veit ég, hvert (svo:) hann tók við Fellinu af séra Jóni Steingrimssyni. Munnmáli eru, að séra Oddur Jónsson hefði kunnað nokkuð fyrir sér og baðt frá sendingum og aðsóknum. Hann létt fyrst ekki slá Völvureitinn og stóð í öllum skilum við völvuna. En hag hans hnignaði, þegar kom fram yfir aldamót. Þá hafði hann trússað tollgreiðsluna og missti svo heilsu, að hann tók aðstoðarprest.

Næstur kemur að Felli séra Þórður Brynjólfsson, trú-rakinn klerkur og frjálslyndur. Hann hataði alla "pápiasku" og vildi engan trúnað leggja á ummaelin á jörðinni. Völvureitinn létt hann slá, en völvutollinn varð hann nauðugur að greiða. Svo telja menn hér til, að 24 ár byggi hann á Felli (1814-1838), ekki hef ég þó þetta skjalfest. Margs konar and-blæstri mætti hann, alla sína búskapartíð, en um munaoi alls konar óhöpp þegar eftir 20 ára búskap þar... í elli sinni flutti hann að Fagradal og var þar í tvö ár, dáinn 1840. Fyrsta árið eftir að hann sló reitinn, missti hann snemmbæra kú, hún stakkst á hornin niður í brekkuna hjá Völvuleiðinu og hálsbrotnaði. Ráðlöögðu honum þá ýmsir að slá ekki reitinn.

Hann sagðist aldrei láta hérvillu pessa á sig bíta og sló eða lét slá reitinn næsta ár. Það hust (svo.) missfi hann uppáhalds-reiðhest í dý. Svo fór og ár eftir ár, og var þá ýmist að hann missti gripi eða menn hans slösuðust, og son sinn uppkominn missti hann á Suðurnesjum. Hann var þar til útróðra.

Elsa Dórótea, dóttir séra Þórðar, var búandi ekkja í Norður-Vík, er ég dvaldi þar um 1894 og síðar. Hún sagði, að faðir sinn hafi allra manna mest haft andstyggð á hjátrú og bábiljum. Hann hafði látið það fyrst eftir konu sinni að slá ekki reitinn á Felli. En brátt ekki unað peirri hjátrú að (svo.) skipað, að reitinn skyldi slá, hvað sem hver kynni að segja. Hún sagði, að vinnumaður hans hafi drukknað á Suðurnesjum, en ekki sonur hans. Og alveg hafi óhöpp ýms verið á Felli furðanleg, þó presturinn setti þau ekki í samband við reitinn. Og ýmist var reiturinn sleginn að nokkru og ýmist ekki.

Þá kemur séra Stefán Stefánsson að Felli og lét sér fátt um finnast ~~ummælin~~. Hann galt tollinn, þó eitthvað niðurfærðan <sup>lét</sup> og lönd og leið með að slá reitinn. Sagt var, að séra Stefán væri tilfinninganæmur og góðgjarn, svo ekki mátti aumt sjá. Hann var mikill vinur Þorsteins bónda á Eystri-Sólheimum Þorsteinssonar, og var Þorsteinn meðhjálpari hans í Dyrhólkirkju. Fylgdust þeir atið að til kirkjunnar. Frá Dyrhólkirkju komu þeir í vondri færð veturinn 1845(?), og fór Þorsteinn seint frá Felli heimleiðis. Var þó fylgt vestur yfir Klifanda. Versti bylur var, og varð Þorsteinn úti í þessari ferð. Sagt var, að svo félli séra Stefáni petta nærri, að hann lagðist rúmfastur. Hann andaðist svo ári síðar, og var pettaallt sett í samhengi við Völvreitinn.

Þar næst er Jón prestur Torfason á Felli, eitt eða tvö ár. Hann hafði ekki farið eftir ~~ummælunum~~ þar, og hann fórst af slysþorum.

Gísli prestur Thorarensen kemur að Felli 1848 eða '49. Hann þótti lítill búmaður og lét ráðsmenn sína ráða. Slógu þeir ekki völvureitinn, og varð presti það til búheilla. Þegar synir prestsins komu upp, slógu þeir Völvureitinn og skemmtu sér við að glettast við Völvuleiðið. Spáðu sóknarmenn illa fyrir þeim, þess vegna. Það varð og að gæfuleysi þeirra, sem að upplagi voru mestu menn. Þótti meir en að

eðlilegum hætti. Fór svo flest í sukki á Fellsheimilinu, og séra Gísli flutti frá Felli eftir 25 ára prestskap þar. Hjátrúin á Völvureitnum þótti svo bersýnilega koma í ljós, árlega, eftir því sem til gert var.

Svo þegar séra Oddgeir P. Guðmundsson sezt á Fellið 1874, var honum ráðlagt að abbast ekki upp á Völvureitinn. Hann blómgvaðist að efnahag og tók þá að draga við sig greiðslu á völvutollinum. Braust þá Klifandi inn á tún og engjar og fældi prestinn burtu með óhugnaði þeim, er af þeirri eyðilegging stóð. Ímsir kenndu Vatna-Ögmundi um þetta, en Klifandi var þá búinn að brjóta sér farveg heim að Felli, er Ögmundur veitti Hafursá.

Þá bjó Guðmundur Ólafsson bóndi á Felli í 6 ár, næst eftir Oddgeir, og sló ekki reitinn. Var hagur hans þar í blóma. Sama var og um næsta ábúanda þar, Einar Einarsson bónda, sem þar bjó 3-4 ár, og séra Þórarin Þórarinsson. Þessir þrír síðasttöldu höfðu fárra ára dvöl á Felli, og bar ekki til óhappa hjá þeim. Svo tekur séra Gísli Kjartansson Fellið 1896 og flytur bæinn, þaðan sem hann stóð og hafði eflaust staðið frá fyrstu landnámstíð. Klifandi var kominn svo að segja heim undir bæjarstéttina. Og reisti séra Gísli Kjartansson allveglegt timburhús í Högnavelli, þar sem áður var kotbar. Var þar síðan nef[n]t á Felli, en gömlu Fellstættur jarðgrá (svo:), aldrei tók Klifandi þar, þó nú séu allir sléttir vellir og mest öll mýrin þar undir aur úr henni.

EKKI skeytti presturinn um hjátrúna og vildi afnema völvutollinn. Reiturinn var sleginn, og strax komu óhöppin, samskonar og var hjá séra Þórði fyrfir 80-90 árum síðan. Kýr hrapaði í Fellsbrekkum og hálsbrotnaði, og hestar faldust svo ótrúlega og urðu óviðráðanlegir. Vinnupiltar prestsins hæddust að völvunni og léku sér að leiðinu með kerskni. Hafði þó presti þótt slikt óþarf og aulalegt. Þau Fells-hjón misstu 2 börn samtímis og piltarnir 2, sem voru þráð-efnilegir menn, hröpuðu í Holtsgili á aðfangadag jóla. Voru ~~þriss~~ að taka kindur úr svelti. Þá var presturinn ekki heima, en kom heim þá nótt og hóf dauðaleit að drengjunum. Var þetta slys hið hörmulegasta og allt við það jafnþorsótt og móögandi. Um það er ritað á öðrum stað. Tók þá eftir þetta

að bera á heilsubresti séra Gísla, og flutti hann frá Felli 1903 að Norður-Hvammi.

Hallgrímur Brynjúlfsson flutti þá að Felli og búnaðist svo vel þar sem bezt mátti vera. Hann vildi láta syni sína ílendast þar og taka bú og jörð, þegar hann gafst sjálfur upp við búskapinn. Byrjuðu þar búskap tveir þeirra, en gátu ekki haldizt þar við. Hann hét á völvuna að byggja upp leiði hennar, ef án Kjölfandi væri farin á morgun frá Felli, en þá rann hún heim að túni - gamla Högnavallatúní. Áin var farin að morgni næsta dags, og byggði Hallgrímur upp leiðið. Hallgrímur kaus helzt að vera kyrr á Felli og fékk í því skyni Gissur Gissurarson frá Drangshlíð til að flytja þangað, og hann dvaldi í húsmennsku hjá honum. Gissur undi þar ekki, og lokuðust þar með öll sund fyrir Hallgrími að vera þar kyrr. En Fellið var því næst í eyði eitt ár (1930). En 1931 flytur Eiríkur Jóhannsson frá Dyrhólum að Felli og hefur búið þar síðan. Hann hefur ekki slegið reitinn og bú hans síblómgast. En hann raflýsti og tók vatnið í stokk gegnum Völvureitinn. Þá hljóp skriða úr fjallinu og tók af lambhús og drap tvo kymbótahrúta, mætaskepnur miklar.

Enginn mun voga að búa á Felli og halda inni völvutollinum. Og svo sagði mér einn ábuandi þar, að enga tolla borgaði hann með svo góðu geði sem völvutollinn.

### II. Pálsbrekka

Á Felli er Pálsbrekka kallað stórt stykki í brekkunum austan Völvureitsins. Í henni kvað aldrei blikna hey. Hún var slegin þá helzt, er þerri þótti vanta. En ekki dugar að láta heyið liggja í Pálsbrekku og meta meira annað hey, þá getur farið svo að það fjúki. Pálsbrekkuberrir var vísi, þegar þessi brekka var slegin.

### III. Jaðar

Í Holti, næsta þær við Fell, eru miklar fornrvistir í túni. Þar mótar fyrir afarmiklum heygarði og húsaríustum byggðum við hann. Þar var kirkja og heitir þar Kirkjuholt, nú að mestu í Hafursá.

Einar Árnason, sem lengi bjó í Holti (1860-1920), sléttuði Kirkjuhólinn og fann þar klukkubrot o.fl.

Jaðar heitir þar austast og efst í túninu, og var tekinn vari fyrir að slá hann. Einar skeytti því ekki og fer að slá jaðarinn. Þá voru morgunmjaltir. Á Kviabóli var vanalega fullorðinn sauður, sem tók sig með ánum og kallaður bólsauður. Hafði fólkið gaman af sauðnum, hann fór aldrei inn í kviarnar, en lá makindalegur á kviabólinu, meðan á mjöltum stóð. Pennan morgun, er Einar var að bera niður í Jaðrinum, heyra mjalta-konurnar, að sauðurinn á bólínú hóstar undarlega og skorar ofan í honum. Svo er eins og honum sé kastað upp fyrir kvíavegginn og skvampaði í honum, er hann kom aftur niður. Petta tvítók sig, og stóð ekki sauðskepnan upp framar. Hlaupa þá börn til Einars, og skoðar hann sauðinn. Steindauður var hann, en Einar kvaðst ekki láta þetta hamla sér að slá Jaðar. En illa beit á Jaðar, þar var gömul sina og rótin þvæluleg. Í hvert sinn og Jaðar var sleginn, bar að óhapp nokkuð. En einkennileg veikindi yfirfélle Guðrúnu konu hans. Og heilsuleysi kom yfir sum börn þar, en 12 ára efnisdóttir hjónanna dó. Einar gerði miklar jarðabætur í Holti og stóð í löngu og ströngu landamarkamáli við Fellsbóndann. Keypti svo jöröina áf Árna Gíslasyni sýslumanni og ætlaðist fyrir, að hún yrði ævarandi eign sinna afkomenda. Nú er Holt í eyði og hrörlegt þar um að litast. Vinnukona, sem var í Holti hjá Einari, sagði ýmsar dulrænar sögur þaðan, semritaðar eru annarstaðar.

#### IV. Fagurhóll

Hryggir í Dyrhólasókn er að öllum líkum gamalt býli. Hafursá hefur eyðilagt þar fyrr á öldum og bærinn verið fluttur til. Þar er hóll mikill, einstæður í Hryggjamýrinni og bu[r]stmyndaður, heitir hann Fagurhóll. Ekki mátti slá Fagurhól. Bóni, sem Einar hét Runólfsson, bjó í Hryggjum fr. 1860 og sló Fagurhól, kona hans ól vanproskuð börn eða van-sköpuð. Eftir Einar tók Hryggjajöröina þá, en þar var tvíbýli, Porkell Porkelsson. Hans faðir bjó í Hryggjum áður, og þekkti Porkell vel, hvar ekki mátti slá í Fagurhól. Hann sló þar rætur hólsins en ekki hærra upp, er gamlar sagnir sögðu til um. Svo lá Hafursá yfir Hryggjamýri eitt summar, og sló Porkell þá mestallan Fagurhól. Dreymdi þá konu hans, að álfurinn, sem bjó í Fagurhól, kumi, og sagðist hann vera reiður Porkeli fyrir að slá kirkjugarðinn hjá sér. Dóttir þeirra

Ingveldur, sem þá var 14-15 ára, varð fyrir sifelldu ónæði vegna drauma. Huldukona í Fagurhól kom til hennar nött eftir nött og sýndi henni alla álfabyggðina í Fagurhól og kirkjuna þar. Ekki tók Porkell mark á þessu og sló hólinn. Þá var hans hinar mannvænlegustu tóku og einhvers konar sálarveiki hver eftir aðra.

Sagnir eru um, að Bænhús væri í Hryggjum, og veit enginn nú, hvar það hefur staðið.

Björn Björnsson, sem bjó í Hryggjum frá 1888-1923, sló stundum Fagurhól ~~þegar~~ varð ævinlega fyrir óhappi. Leigði þá kynbótafélagi hólinn og landið í kringum hann fyrir kynbótahestagirðingu og gróf Gísli bóndi á Ketilstöðum inn í Fagurhól til að gera þar skjól, en hann var í kynbótanefndinni.

#### V. Peningahóll

Framan við "Gerðin" í Dyrhólahverfi er hraunsnös, jarðgróin að mestu. Heitir hún Peningahóll, þar á fornmaður að hafa falið silfur sitt og gull. Ekki fylgir neitt nafn á þeim manni. En hólinn má ekki rjúfa. Hvað við því liggur, er ekki ákveðið. Einungis að slysast muni þeim, er það gerði.

Peningahóll er auðsjáanlega grónir hraunhólar. Peir hafa verið í sjó, þegar sjávarströndin var ofar. En til þess eru glögg merki, að fyrr meir, hver veit hvenær, hefur sjóninn brotið á Geitafjalli að framan og Dyrhólaey staðið út í hafinu. Ekki veit ég þess nein merki, að grafið hafi verið í Peningahól, en eins konar fjársjóður er hann Dyrhólahverfi. Viðsvegar á Dyrhólajörðum eru blettir í túni, sem ekki má slá, þó sumir þeirra séu nú að hverfa í sand.

#### VI. Nafli

Í hólunum í Dyrhólahverfi eru margir hellar. Peir voru áður hafðir fyrir hey og fénað, og sumir eru enn þá notaðir. En margir þeirra hafa fallið niður, og sést eftir lægðir og gróinn ruðningur, sem peir hafa verið. Í þessum hólum er sandberg, og má auðveldlega búa til hella þar og laga þá eftir þörfum, en mörgum þeirra er lítt að treysta til frambúðar. Hin mesta huldufólkstrú var á þessum hólum. Austur frá Vatnsskarðshólabæ er efst á hrygg túnhólsins þúfa ein,

sem heitir "Nafla". Þar á að vera ofangöng í hólinn og hóllinn holur innan. Undir Nafla skal vera hella mikil yfir ofanganginum, og má enginn við þessu hreyfa. Einn bóndi, sem bjó á Vatnsskarðshólum, gerðist svo djarfur að slá þúfuna og ræddi um að láta taka Nafla upp og grennslast eftir, hvað tilhæft væri í þessum munnumálum. Hann framkvæmdi þó aldrei þá ráðagerð, því það sumar bar hann síðast ljá í gras og var dáinn fyrir áramótin.

Það sagði Þorsteinn bóndi, er bjó á Vatnsskarðshólum um 1890-1910, að eflaust væri þessi bæjarhóll þar holur innan. Og engan munaði um það, hvort (svo:) sleginn væri Nafla eða ekki.

Lum  
Tjörn mikil er í Vatnsskarðholatúni, ótrú er á að slá hana. Vex þar fergin mikið og drafnar niður ár eftir ár. Ímsir slógu út í tjörnina, en þær skepnur, sem það hey var gefið, drápust af því. Guðmundur Þorbjarnarson hreppstjóri á Hvöli fékk eitt síðumar að slá Hólatjörn. Var tjörnin djúp og tók viða í klöf og hendur sláttumönnum. Ferginið var baði mikið og þornaði vel. En sláttumennirnir lögðust allir, því kalt var í veðri og þeir ekki polað að svitna og kólna á víxl. Ferginið var gefið mjólkurkum, og veiktust þær af því, og ein drapst. Þá var hestum gefið ferginið og fór á sömu leið, síðan hefur Hólatjörn ekki verið slegin.

### VII. Stórhóll

Litlu-Hólar er þar í Dyrhólahverfi, þar er hólhryggur austur frá þanum, sem heitir "Stórhóll". Ekki mátti róta þar við neinu. Hver sem gerði það, myndi hreppa auðnuleysi. Hinn mesti jarðabótamaður bjó á Litlu-Hólum 1880 og fram um 1815? (svo:). Hann sléttarði út helzt hvern bala og þúfu og stórfærði út túnin. Svo réðist hann á Stórhól og rótaði þar pöldrum og mishæðum og gerði sléttu brekku. Margir höfðu ótrú á þessu, og að síðustu létt bóninum óhreyfða skák nyrzt á Stórhól. Engri gafu þótti þetta stýra, synir bónans tóku þunglyndi, og sárt veikindaböl féll yfir heimilið.

### VIII. Kerlingargil:

Kaldra[n]nes heitir þar í Hvammshreppi og stendur hátt. Túnin er bratt á parti og vestan við það pröngt og djúpt

gil, sem heitir Kerlingargil. Snarbrattir hvekkir liggja ofan frá túnjaðrinum og niður á hamrasnasir í gilinu. Þar er grasmikið og talið, að ekki megi slá hvekkina. Þegar þeir eru slegnir, bregzt ekki, að þar hrapar einhver kostamesti gripurinn, oftast nær bezta kýrin eða mesti gædingurinn. Sagnir um þetta eru allar á einn veg og allt til þessara síðustu ábúenda þar.

#### IX. Stóra-Dalsrósin

Stóri-Dalur er efalaust meðal elztu bújarða í Mýrdal, þó engar sagnir séu um það. Banhús var þar og enn þá merki til þess og annarra fornra mannvirkja. Í tíð Arnodds Gunnlaugssonar, sem þar bjó laust eftir 1800 og fram um 1840?, var þar byrnirós villt í garðshorni. Þessi rós átti langa sögu og var vaxin upp, að því sem menn sögðu, þar sem heiðins manns og kristins manns blóð hefði runnið saman og sigið ofan í jarðveginn. Jón Arnoddsson, gamall maður um 1883, sagði mar [g]t um þessa hríslu eða byrnirós. Hann var unglingsur í Stóra-Dal og minnugur á miskuárin. Mikill vari var tekinn á því að skerða rósina, og fínaður snerti hana ekki. Yrði unglingsum á að flingra við hana, fengu þeir sár á hendur, sem gruru seint og illa. En þau voru ummælin, að skerti einhver byrnirósina, hlyti hann af skaðræði og óhamingju. Þetta reyndist og svo.

Nú hefur þessi byrnirós dreift sér viðar þar í Stóra-Dal, en ekki [er] það af mannavöldum, svo vitað sé. Reynt hefur verið að taka anga af henni og gróðursetja annars staðar. Þeir angar hafa dáið og hamingjuleysi stafað að þeim, er reyndi að gróðursetja þá. Sagt var, að E. Eiríksson kennari reyn(d)i að planta einn angaum við Deildárskóla. Það misheppnaðist, og hann flædist frá skólanum með deilum og ósamlyndi. Þar hafði hann þó mikil starfað að og atlazt til frambúðar sér. Mörgum fannst þetta undarlegt og ómaklegt. Þannig fór og við annan skóla, er hann reyndi að setja þar niður hríslukvist frá Stóra-Dal.

Í túminu þar upp frá Stóra-Dalsbæ er lítill blettur, sem heitir "Grubbi", ekki hefur hann verið sleginn nema stökum sinnum. En þá sjaldan hann var sleginn, hlaut af því grípa-missi (svo.) og vávsgileg dauðsföll. Að rekja til þeirra óhappa og slysa er ekki gert hér, þó hef ég nokkur drög þeirra, sögð af kunnugum mönnum.

Það var haft eftir Sveini Pálssyni, lækni í Vík, að ekki væru hér á landi nema 2-3 þyrnirósir samslags og sú í Stóra-Dal.

Þar í Dölunum, sem kallað er, hafa byggzt út frá aðal-jörðinni Stóra-Dal þrjú önnur býli. Heita þau Fjós, Neðri-Dalur og Breiðahlíð. Í Fjósum mun í forntíðinni hafa verið fjós og heygarður Stóra-Dalsbónadans. Þar er gil við bæinn, sem engu má kasta í. Verði manni á að kasta í gilið, hefnir það sín, oft á mjög undarlegan hátt. Og í Neðra-Dal er sláttu-spilda í túni, sem heitir Dagteigur, þar er horn, sem ekki má slá. Veldur það gripamissi að slá Dagteig, og heyið reynist svo óhollt, að bæði menn, sem gefa það, og gripir, sem éta það, veikjast.

#### X. Völvuleiði

Í Norður-Víkurtúni er hæð, sem heitir Völvuleiði. Ekki má slá það. Þegar leiðið hefur verið slegið, leiddi af því gripamissi eða manntjón. Ekki er mikill skaði skeður, þó völvuleiðið standi óslegið. Lítið hey er að fá af því. Vinnumaður eða lausamaður, sem var í Norður-Vík hjá Þorsteini Jónssyni hreppstjóra, sló völvuleiðið. Þessi maður átti 16 ár í húsi sér og ól þær. Þótti honum óþarf að láta grasið á völvuleiðinu deyja til engrá nytja og sló leiðið, þurrkaði töðuna, sem féll af því, og létt saman við heyið hanða ánum sínum. Um veturinn fóru ærnar að veikjast, og 2 voru lifanda af þeim í vordögum.

Í þessu völvuleiði á að vera grafin kona Lodda jötuns, sem hélt sig í helli þeim í Heiðardalnum, er Loddi heitir og þjóðsagnir herma frá. Þá var vestan við Suður-Víkurtún rúst líkust garðbroti. Hét rústin Grákolluleiði eða Grákollsleiði. Ekki mátti róta rústinni til, og höfðu Víkur-bændur líka litla ástæðu til þess, því þar var votlent og lítt til nytja, þó sleginn væri bletturinn. Stóð svo þessi rúst óröskuð, til þess er Halldór kaupmaður Jónsson í Suður-Vík létt sléttu túnjaðarinn og allt í kringum Grákollu-leiði. Sagði hann piltum sínum að láta Grákollu í friði og jafna til í kringum hana. Þeir tóku þe fyrirsögn húsbond-Laans meira í gamni en alvöru, og þegar Halldór gekk til þeirra síðar [i] hluta dags, höfðu þeir stungið nokkurn hluta Grákollu-

leiðis niður. Fann hann að því og lét ekki vinna meir að því. En þessir vinnumenn voru báðir bráðfeigir. Þeir létust sinn með hvoru móti, áður en ár leið frá þessu verki þeirra við Grákolluleiði.

### XI. Gráviðurinn

x

Um 1890 var fornþáleg gráviðarhrísla hjá fossinum á Fossi í Mýrdal. Hún var efst í brúninni og hékk hálfvegis á rótum, sem lágu inn í glufur á bergeninu. Þessi gráviðarhrísla hafði lifað svona mann fram af manni í skjóli þeirra ummæla, sem Fossmenn vissu, að voru á henni. Sagði þá sögu hver bóndinn öðrum, að hver sem rifi upp gráviðinn við fossinn, mundi henda gæfuleysi og bær hans brenda eða fara í eyði.

I fátak[t] og eldiviðarleysi hlifðust menn svo við að taka hríslu þessa. Runólfur bjó á Suður-Fossi um 1890-1900?, dugnaðarmaður og fjölskyldumaður. Stálpuð börn, er hjá honum voru, klifruðust að gráviðarhríslunni og gátu brotið hana, svo hún féll ofan fyrir fossinn. Hefur hún þá verið hálfþúin og viða ellimáð. Þau báru svo hrísluna heim og anga af henni var brugðið í eldinn, undir ketilinn. Þótti þá undarlega kveina í anga þessum, er eldurinn festi í honum. Þetta vakti eftirtekt og athugun á því, að gráviðurinn við fossinn var tekinn og í honum var þetta óþekkilega snark og kveinan. Aðalhríslan var þá borin út og henni kastað upp í bæjarsund, þar lá hún. Næsta morgun var bæjarveggurinn hruninn. Þetta var kennt gráviðnum og honum kastað í lækinn. Þetta sumar lagðist húsfreyjan og dó. Runólfur tók sig og upp frá Fossi, og hefur sa bær á Suður-Fossi ekki verið byggður í mörg ár, aðeins sjást rústir hans.

L Hann  
nar segar  
byggður upp.

### XII. Einarshaugur

I Kerlingardal eru ýms forn ákvæði. En þeirra mest er um Einarshaug. Þar norður frá túni er í gróðraríkum hvammi hóll, sem heitir Einarshaugur. Enn í dag segja bandurnir í Kerlingardal hver öðrum mann fram af manni, að ekki megi við honum hrugga. Eflausst hefur þó verið grafið í Einarshaug, og ber hann þess ljós[merki]. En svo er sagt, að aldrei hafi X Oftast ritað með stórum staf, hvort sem það merkir sérnafn. Samnöfn eru hér stundum rituð svo.

sá gröftur verið fullger. Og ávallt hafi gerzt einhver undur, áður en aðalgröfin var opnuð. Hinar eldri sagnir um haug pennan eru að mestu tapaðar, nema hvað Einar hafi heitið fyrsti landnemi í Kerlingardal og hann sé heygður í Einars-haug.

Björn hét bóndi í Kerlingardal um 1830-40 og vildi hann ekki festa trúnað á ummælin. Hann fór til með vinnumenn sína og vildi rjúfa hauginn. Þegar þeir voru komnir alldjúpt, varð fyrir þeim hella, að þeim virtist. Sýndist þeim þá bærinn standa í björtu bíli og hurfu frá. En aldrei héldu þeir síðan áfram haugrofinu. Björn missti heilsu og varð óður, svo hann vöktuðu fleiri menn, og síðast hafður í kistu. Hefur og borið á geðveiki í þeirri ætt síðan.

Nálægt 50 árum síðar bjó Þorsteinn Einarsson í Kerlingardal og byrjaði á að grafa í Einarshaug. Þar áttu að vera fjársjóðir geymdir. Var þá haugurinn gróinn sára sinna, sem Björn hafði veitt honum. Ekki höfðu þeir Þorsteinn og hjálparmaður hans lengi grafið í hauginn, þegar hjálparmaðurinn fótbrotnaði. Sagt var, að þeir hafðu þá kennt til hellu þeirrar eða klappar, sem í haugnum er og geymir fornmenjarnar. Kona Þorsteins yfirfélí í beinaveiki og dó úr henni. Og haugrofið frestaðist enn um sinn.

Siðasta ráðagerð um að rjúfa Einarshaug var, þegar Haraldur Einarsson bjó í Kerlingardal. Þá símaði E.E. Sverrisson kennari til hans frá Vík. Að hann Eiríkur stlaði að rjúfa Einarshaug og bauð Haraldi að vinna að því með sér. Haraldur kærði sig ekki um það og sagðist vilja hafa Einars-haug friðaðan. Ekki leyfði hann neitt jarðrask þar. En leyfi þurfti ekki, þetta átti að gera undir fornleifarannsóknar framtaki. Og sagðist E. koma næsta dag. En næsta dag kom hann ekki og var þá lagstur í þeirri veiki, er varð hans banamein.

Þar hjá Einarshaug eru fleiri rústir, sem líkjast mjög dysjum eða mannaumbúnaði. Þar getur þó ekki á þeim stað verið að ræða um dysjar "brennumanna". En í Kerlingardals-tröðum eru fornar sagnir, að "brennumenn" séu heygðir, og sjást þess merki. Kerlingardalur kemur kunnuglega fyrir í Njálssögu, þar sem Galdra-Héðinn átti heima. Hvergi eru þó örnefni þar, sem við Héðin eru kennd. En fóstbróðir Einars, sem liggur í Einarshaug, er heygður sunnan til í

Kerlingardal, þar sem Skjappir heita, og sól skín skemmtist á.

### XIII. Gráfriðarleiði

Þjóðsagan segir, að kona Loðmundar gamla héti Gráfriður. Og er leiði hennar í túninu í Sólheimaháleigu. Ekki má hreyfa við því. Einhvern tíma hefur þó verið grafið í það. Nýlega var eitthvað lítilsháttar hruggað við leiðinu og þó ekki nema til prýðis. En gripamissi leiddi að því. Rétt á eftir varð uppáhaldshundur fyrir bíl og drapst. Ágætiskýr misheppnaðist e.s.fr.

Gráfriður átti að hafa lagt það fyrir að grafa sig, þar sem sól feri síðast af að kvöldi dags. Loðmundur hins vegar þar sem sól kemur snemma við að morgni.

Ekki er kunnugt um fleiri helga reiti í Sólheimatúni. En í gili, sem Guðrúnargil heitir, eru "svartaviðarhríslur", sem ekki má slíta upp né taka anga af þeim. Ýmsir hafa þó gert það og ætlað að planta svartaviðinn heima hjá sér, allt hefur það mistekizt og valdið ýmiss[~~]konar armsðu.~~